



## Atvinnuleysi minnkaði um 0,5% í september og er nú svipað og fyrir faraldur

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var skráð atvinnuleysi í september 5,0% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og hafði minnkað úr 5,5% frá því í ágúst. 10.428 manns voru á atvinnuleysisskrá í lok september og fækkaði um 1.071 í september. Almenn skráð atvinnuleysi náði hámarki í janúar 2021 þegar það var 11,6% og hefur þannig minnkað um 6,6 prósentustig síðan þá.

Skráð atvinnuleysi náði hámarki í janúar sl. þegar það var 11,6%. Atvinnuleysið hefur því minnkað um 6,6 prósentstig frá því í janúar. Í september 2020 var almennt atvinnuleysi 9% og það hefur því minnkað um 4 prósentustig á einu ári.

Vinnuálastofnun spáir því að atvinnuleysi verði svipað í októbermánuði og var í september.

Atvinnuleysi hefur nú minnkað átta mánuði í röð og hefur lækkunin verið nokkuð hröð síðustu mánuði. Atvinnuleysið var einnig í kringum 5% í upphafi árs 2020 og því er staðan orðin svipuð nú og var áður en faraldurinn skall á.




### Afdrif ráðningarstyrkja munu skipta miklu

Alls hefur verið ráðið í um tæplega 5.400 störf með ráðningarstyrkjum á tímabilinu frá mars til september 2021 og er það líklega ein veigamesta ástæðan fyrir minnkun atvinnuleysis. Í september byrjuðu þessir ráðningarstyrkir að renna út og skiptir miklu hvort fólk á ráðningarstyrkjum heldur ráðningum sínum eða hvort þær taki enda. Almenn hefur verið góð reynsla af ráðningarstyrkjum í gegnum árin, en aðstæður nú eru töluvert öðruvísi en verið hefur. Það skiptir auðvitað máli fyrir áframhaldandi þróun atvinnuástands að fólk á ráðningarstyrkjum haldi störfum sínum. Á síðustu þremur mánuðum nemur fjöldi þeirra sem farið hefur af atvinnuleysisskrá með ráðningarstyrkjum numið 4-5% af fjölda atvinnulausra í lok mánaðar. Þetta hlutfall fór hæst í 9,5% í júní.

### Minnkun nær alls staðar á landinu

Almennt atvinnuleysi minnkaði alls staðar á landinu nema á Vestfjörðum milli ágúst og september. Mest





dró úr atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu, um 0,7 prósentustig, og svo um 0,6 prósentustig á Suðurnesjum. Atvinnuleysi er eftir sem áður langmest á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu, og hefur það nú verið undir 10% á Suðurnesjum í tvo mánuði, en hæst fór það í 24,5% í janúar 2021. Atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum var þó enn yfir 10% í september, var 10,2%.

### Atvinnuleysi kynjanna svipað í heild

Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á tveimur svæðum, á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi vestra. Munurinn var mestur milli kynjanna á Suðurnesjum, 1,9 prósentustig körlum í hag og minnkaði frá fyrri mánuði. Þar var 10,2% atvinnuleysi hjá konum og 8,3% hjá körlum. Á Suðurlandi var atvinnuleysið einnig talsvert meira meðal kvenna en karla, eða 3,9% hjá konum en 2,5% hjá körlum.


Körlum á atvinnuleysissskrá fækkaði um 432 í september og konum um 639. Atvinnuleysi kvenna minnkaði því töluvert meira en karla í september.

### Mikill árangur hefur náðst


Atvinnuleysi í september var komið á sama stað og var í janúar 2020 áður en faraldurinn skall á. Staðan er þó að mörgu leyti öðruvísi og óviss. Góður árangur í baráttunni við atvinnuleysið hefur ekki hvað síst náðst með mikilli notkun ráðningarstyrkja, þannig hefur verið ráðið í tæplega 5.400 störf með ráðningarstyrkjum frá því í mars. Miklu máli skiptir að ráðningarsambönd á grundvelli þessara styrkja haldi.

Eins og áður skiptir opnun landamæra, og auknir möguleikar í komum erlendra ferðamanna miklu þar sem töluvert er enn í land með að ferðaþjónustan nái sínum fyrri styrk.

Almennt atvinnuleysi í ágúst og september 2021



Atvinnuleysi karla og kvenna í september 2021



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.